

Fyrsta skóflustunga tekin að nýju hjúkrunarheimili í Hveragerði

Fyrsta skóflustunga var tekin að nýju hjúkrunarheimili í Ási í Hveragerði föstudaginn 2. maí. Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra, Birna Sif Atladóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í Ási, og Grétar Aðalsteinsson, heimilismaður, tóku skóflustungu að nýja heimilinu sem mun rúma 44 manns.

Það eru Grundarheimilin sem byggja hjúkrunarheimilið og leigja ríkinu með leigusamningi til 20 ára. Grund hefur rekið Ás frá árinu 1952 og sinnt öldrunarþjónustu í Hveragerði og nágrenni í yfir sjötíu ár.

Í dag eru heimilismenn í Ási 111 talsins en verða 138 þegar nýja hjúkrunarheimilið verður tekið í notkun. Til að koma byggingunni fyrir þarf að fjarlægja nokkur minni hús á staðnum með eldri rýmum og sameiginlegum baðherbergjum. Öll herbergin á nýja hjúkrunarheimilinu verða einbýli með baðherbergjum. Byggingin verður 2.680 fermetrar og heildarkostnaður um 2,8 milljarðar króna.



„Það er mér sönn ánægja að taka fyrstu skóflustunguna að nýju hjúkrunarheimili í því

ágæta sveitarfélagi Hveragerði. Þessi framkvæmd bæði fjölgar hjúkrunarrýmum og

leysir af hólmi eldri rými sem voru komin til ára sinna. Ég óska Hvergerðingum innilega

til hamingju með þetta og við munum halda áfram á sömu braut á landsvísu eins og ríkisstjórnin hefur lofað,“ segir Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra.

„Þessi framkvæmd er mjög mikilvæg til að koma til móts við breyttar og auknar þarfir og kröfur þeirra sem dvelja nú og munu dvelja framvegis á hjúkrunarheimilum landsins. Allir verða með sitt eigið herbergi og sér baðherbergi. Við á Grundarheimilunum erum afar þakklát félags- og húsnæðismálaráðherra að treysta okkur fyrir þessu góða verkefni,“ segir Gísli Páll Pálsson, stjórnarformaður Grundarheimilanna.

„Starfsemin í Ási er ein af þeim bæjarins og er sannarlega hluti af einstökum gæðum Hveragerðis. Nýtt hjúkrunarheimili er hluti af metnaðarfullri framtíðarvegferð Áss, sögulegri uppbyggingu Hveragerðisbæjar og mun auka við gæði og velferð í bæjarfélaginu,“ segir Pétur Georg Markan, bæjarstjóri í Hveragerði.

„Ef allir væru eins þá myndi maður bara ruglast hver er hver“

Það var sannarlega ævintýrleg stemning í Ípróttahúsinu í Vallaskóla 1. maí þegar Sinfóníuhljómsveit Suðurlands efndi til fjölskyldutónleika undir yfirskriftinni Burtu með fordóma.

Nemendur frá Tónlistarskóla Árborgar og elstu nemendur í fimm leikskólum Árborgar komu fram á tónleikunum og þegar mest var voru 220 flytjendur á sviðinu auk þeirra Gunnars Helgasonar og Felix Bergssonar sem voru kynnar og hljóm-

sveitarstjórans Guðmundar Óla Gunnarssonar. Leikskólabörn voru einnig ráðgefandi í baráttunni við fordóma og tilvitnanir í þau prýddu vegg ípróttahússins. „Ef allir væru eins þá myndi maður bara ruglast hver er hver,“ sagði eitt af leikskólabörnunum.

Uppselt var á tónleikana og það var alveg ljóst að tónleikagestir skemmtu sér vel og sungu með af hjartans list í loklaginu.

Myndasýrpa frá tónleikunum er á síðu 8 og 9 í blaðinu.



Ljósmynd: Dagskráin/BRV.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Framúrskarandi fyrirtæki 2013

Árvirkinn

Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Prentmet Oddi ehf. | Eyravegi 25, 800 Selfoss
482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

Vaktmaður í lðu íþróttahúsi Fjölbrautaskóli Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands óskar eftir að ráða vaktmann í lðu íþróttahúsi frá og með 11. ágúst 2025. Um er að ræða 100% starf á vöktum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Hefur umsjón með íþróttahúsinu, áhöldum, munum, útlánum á húsnæði og húsmunum, dyravörslu, ræstingu, ljósum og hita.
- Aðstoðar húsvörð FSu þegar við á.
- Baðvarsla, hreinsun búningaklefa og áhorfendapalla eftir leiki og aðra notkun.
- Tilfallandi störf við viðhald, s.s. lagfæringu á áhöldum og húsbúnaði, skipti á ljósaperum, minni háttar lagfæringar á vatnslagnakerfi, lagfæringar á dyraumbúnaði, skrá, gluggaumbúnaði og þau störf sem ekki krefjast sérstakrar fagþekkingar og/eða tækjabúnaðar.
- Annast ræstingu í lðu á tímabilinu frá 15. maí til 15. ágúst.
- Hefur eftirlit með loftræsti- og hitakerfum.
- Hefur umsjón með öryggismálum og fylgist með myndavélakerfum í skólahúsnæðinu.
- Hefur umsjón með hreinsun, slætti og viðhaldi lóðar og bílastæða.
- Auk ýmissa annarra verkefna sem til falla í samvinnu við húsvörð og stjórnendur.

Leitað er að skipulögðum og reglusömum einstaklingi með áhuga á að vinna með fólki. Menntun í iðngrein eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi æskileg. Krafa um framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og sveigjanleiki í samvinnu. Æskilegt er að umsækjandi hafi reynslu við vinnu í íþróttahúsi/sundlaug. Umsækjandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa frumkvæði í starfi og jákvætt hugarfar.

Laun eru skv. kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS og stofnasamningi FSu. Umsóknarfrestur er til 19. maí 2025. Sótt er um á Starfatorgi.

Umsókn skal fylgja ítarlegar upplýsingar um nám og fyrri störf ásamt kynningarbréfi. Mikilvægt er að tilgreina meðmælendur. Umsækjandi þarf að senda inn sakavottorð. Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir húsvörður skólans, Karl Ágúst Hoffritz, karl@fsu.is eða Soffía Sveinsdóttir skólameistari, skolameistari@fsu.is og í síma 480 8100 á skrifstofutíma. Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðunni, www.fsu.is

Skólameistari



Rekstrarafgangur Ölfuss nemur 1.577 milljónum

Ársreikningar Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2024 hafa nú verið birtir.

Niðurstaða ársreiknings 2024 sýnir jákvæða rekstrarmiðurstöðu A og B hluta um 1.577 milljónir króna. Rekstrarmiðurstöðu A hluta var jákvæð um 1.267 milljónir króna. Þessu fjármagni hefur þegar verið varið til uppbyggingar innviða, niðurgreiðslu skulda og uppbyggingar þjónustu við bæjarbúa. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um rúmlega 10 milljörðum króna. Bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2024 nam 4.500 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall sveitarfélagsins 59,47%.

Ánægjulegt er að sjá að skatttekjur án framlaga úr jöfnunarsjóði hækka úr 2.460 milljónum árið 2023 í 2.727 milljónir árið 2024. Skýringin á þessum auknu tekjum liggur í því að íbúafjöldun hefur verið mikil á þessum tíma auk þess sem nýjum fasteignum, bæði íbúðar- og atvinnuhúsnæði, hefur fjölgað hratt.

Þrátt fyrir að álagningahlutfall fasteigna hafi verið lækkað um 40% frá árinu 2018 halda fasteignagjöld áfram að skila auknum tekjum vegna fjölgunar bæði atvinnuhúsnæðis og íbúðarhúsnæðis. Árið 2023 skiludu fasteignagjöld samtals 554 milljónum en árið 2024 skiludu

þau 604 milljónum.

Íbúum fjölgaði um rúmlega 5% á árinu 2024 og hefur þeim þar með fjölgað um hátt í 25% síðan 2018. Allt útlit er fyrir að íbúum fjölgi áfram á árinu 2025 enda mikil og hröð umsvif í byggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Til marks um það má geta að í dag eru 230 íbúðir í byggingu í Þorlákshöfn.

Skuldaviðmið Sveitarfélagsins Ölfuss hefur lækkað undanfarin ár, þrátt fyrir miklar fjárfestingar. Skuldaviðmiðið 2023 var 60,07%, árið 2024 fór það niður í 16,5%.

Fáum dylst að höfnin í Þorlákshöfn er mesta vaxtahöfn landsins. Mat flestra er að uppbygging hafnarinnar sem inn- og útflutningshafnar sé rétt að hefjast og árangurinn, svo magnaður sem hann er, sé einungis reykurinn af réttinum. Frekari vöxtur sé framundan. Þá ber að líta til þess að framkvæmdir eru nú þegar hafnar við stærstu atvinnuverkefni landsins í landeldi í Þorlákshöfn. Áætlað er

að verja allt að 500 milljörðum á næstu 7 árum til þeirra verkefna og því allt útlit fyrir mikinn áframhaldandi vöxt og velferð á forsendum verðmætasköpunar.

Niðurstaða ársreikninga er bæjarstjórn þó fyrst og fremst hvatning til að gæta þess áfram að missa ekki tókin á skulda- og útgjaldahlíðinni. Vandaður rekstur er það sem helst tryggir öflugna og góða þjónustu. Mikilvægasta velverðarverkefni á öllum tíma er enda að gæta að því að missa ekki tókin á rekstrinum. Í Ölfusi hefur verið byggt upp sterkt þjónustunet þar sem skólarnir og íþróttastaðan eru meðal helstu flaggskipa þjónustunnar. Sveitarfélagið Ölfus vinnur nú að því að nýta þá sterku stöðu sem birtist í ársreikningunum til að bæta þjónustu við bæjarbúa enn frekar og eftir atvikum að bjóða nýja íbúa velkomna.

Hamingjan er hér!
Ellíði Vignisson,
Bæjarstjóri.



25 ár frá Suðurlandsskjálftunum – Rangárþing ytra safnar „skjálftasögum“

Rangárþing ytra hvetur fólk sem upplifði Suðurlandsskjálftana árið 2000 að deila reynslu sinni í tilefni þess að 25 ár verða síðan þeir riðu yfir þann 17. júní næstkomandi. Sveitarfélagið stendur að verkefninu „Skjálftasögur“ með það að markmiði að safna saman persónulegum sögum af þessum stóra atburði sem hafði mikil áhrif á samfélagið og olli miklu tjóni.

Suðurlandsskjálftarnir tveir árið 2000

Fyrir aldarfjórðungi, árið 2000, riðu yfir Suðurland öflugir jarðskjálftar sem skildu eftir sig djúp spor í minni þeirra sem upplifðu þá. Sá fyrsti, af stærðinni 6,6 á Richter-mælikvarða, dundi yfir þann 17. júní klukkan 15:40 að staðartíma. Upptök hans voru austarlega í Holtum; 9 km suður af Árnesi. Tveimur mínútum síðar reid yfir annar skjálfti sem var 5,7 að stærð.

Seinni stóri skjálftinn varð rúmum þremur sólarhringum síðar, aðfaranótt 21. júní klukkan 00:52, suðvestan við Hestfjall. Seinni skjálftinn mældist einnig 6,6 á Richter og bætti við það tjón sem þegar hafði orðið.

Þótt eignatjón hafi verið umtalsvert, þar sem sprungur opnuðust í jörðu og skemmdir urðu á húsum og innviðum, var mikil

mildi að ekkert manntjón varð í skjálftunum. Talið er að hátíðarhöld utandyra og í rúmgóðum salakynnum þann 17. júní hafi mögulega haft þar áhrif að ekki fór verr.

Mikilvægt að skrásetja „skjálftasögur“

Þrátt fyrir að aldarfjórðungur sé liðinn eru atburðirnir enn ljóslifandi í minni margra. Hver og einn sem upplifði skjálftana hefur sína eigin sögu að segja, en flestar þessara sagna hafa aðeins lifað í munnlegri geymd. Rangárþing ytra vill nú tryggja að þessar mikilvægu frásagnir verði skrásettar.

Íbúar á öllum aldri eru hvattir til að senda inn sögur sínar og jafnvel myndir sem tengjast atburðunum. Það er einfalt að deila sögum í gegnum sérstakt eyðublað sem finna má á heimasíðu sveitarfélagsins, ry.is. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir um verkefnið á netfangið osp@ry.is, til markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings ytra.

„Þetta er mikilvægt verkefni fyrir okkur í Rangárvallasýslu og í raun öll sem búa á skjálftasvæði. Suðurlandsskjálftarnir árið 2000 voru stór atburður sem snerti marga í samfélaginu okkar. Með því að safna saman þessum persónulegu sögum viljum við tryggja að minningarnar lifi áfram og að rödd þeirra sem upplifðu þetta fái að heyrast. Við hvetjum alla til að deila reynslu sinni með okkur, hvort sem það er stutt saga eða löng, undir nafni eða nafnlaust. Hver einasta frásögn er mikils virði.“ Segir Ösp Viðarsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings ytra sem heldur utan um verkefnið.

Sögurnar munu birtast á vefsiðunni sudurlif.is, þar sem sérstakt svæði hefur verið tileinkað verkefninu. Þátttakendur geta valið hvort þeir sendi inn sögur sínar undir nafni eða nafnlaust. Þeir sem kjósa að vera nafnlausir sleppa því einfaldlega að fylla út reitina fyrir nafn, netfang og búsetu á tíma skjálftanna.





VR á Selfossi – þjónustusvið

Hefur þú gaman af að taka vel á móti fólki, aðstoða, upplýsa og leiðbeina?

Ert þú góð tungumálamanneskja og tölvufær?

VR óskar eftir að ráða einstakling á skrifstofu félagsins á Selfossi.

Helstu verkefni felast í þjónustu við félagsfólk okkar í gegnum síma, netspjall og tölvupóst. Samskiptin fara fram á íslensku og ensku. Um er að ræða 100% starf og er vinnutíminn frá klukkan 8:30-16:00 alla virka daga.

Við leitum að einstaklingi sem er afar fær í að tala og skrifa bæði íslensku og ensku. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af og njóta þess að vera í þjónustu, hafa jákvætt viðmót, vera lausnamiðaður og búa yfir góðri samskiptahæfni. Eins er mikilvægt að búa yfir góðri tölvufærni og reynslu af notkun helstu tölvuforrita.

VR er stærsta stéttarfélag landsins með rúmlega 40.000 félaga. Skrifstofur félagsins eru á Akranesi, Suðurnesjum, Selfossi, Egilsstöðum, í Reykjavík og Vestmannaeyjum.

Umsóknir sendist til Þórarins Þórssonar, sviðsstjóra þjónustusviðs, á netfangið thorarinn@vr.is. Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk.



ginatricot

SELFOSS

Laus störf í fullt starf og hlutastarf í glænýrri verslun Gina tricot sem opnar á Selfossi í maí

Komdu og vertu hluti af hópnum okkar umsóknir berist á atvinna@ginatricot.is

ginatricot.is

Petta má ekki gerast aftur! - Álag á útsvar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar fyrir árið 2024 sem kynntur var á bæjarstjórnarfundum sl. mánudag sýnir stórkostlegan viðsnúning í rekstri Árborgar. Samstillt átak bæjarstjórnar og starfsmanna sveitarfélagsins hefur skilað sér í ábyrgari rekstri og stöðvað skuldafélag. Viðsnúningurinn var nauðsynlegur því sveitarfélagið var á þeim stað fjárhagslega sem það má aldrei fara á aftur.

Á síðasta kjörtímabili undir stjórn Miðflokks, Framsóknar, Samfylkingar og Áfram Árborgar 2018-2022 fór rekstur sveitarfélagsins úr böndunum. Almenn útgjöld jukust langt umfram tekjur og taka þurfti milljarða í lán til að standa undir daglegum rekstri sveitarfélagsins. Í valdatíð þessara flokka jukust skuldir sveitarfélagsins úr 12,3 ma.kr árið 2018 í 28,3 ma.kr árið 2022. Af þeim skuldum voru um fimm milljarðar teknir að láni vegna daglegs rekstrar en ekki fjárfestinga. Í upphafi núverandi kjörtímabils, þegar nýr meirihluti sjálfstæðismanna tók við í byrjun sumars 2022, var staðan þannig að sveitarfélagið var rek- ið með 8,7 millj. kr. tapi á dag. Sveitarfélagið hafði þurft að fjármagna rekstur með lántöku mánuð eftir mánuð. Þetta hafa fulltrúar Samfylkingar og Framsóknar aldrei þorað að horfast í augu við og viðurkenna.

Við vitum öll að það er ekki hægt að reka heimili, fyrirtæki né sveitarfélag til lengri tíma ef útgjöldin eru meiri en innkoman. Þetta var ástæða þess að nauðsynlegt var að ráðast í aðgerðir og endurskipulagningu á rekstri sveitarfélagsins. Í framhaldi hefur bæjarstjórn unnið ótulllega að því, ásamt starfsmönnum sveitarfélagsins, að hagræða í rekstrinum en á sama tíma reynt eftir fremsta megni að standa vörð um velferð íbúa og okkar viðkvæmstu hópa.

Aðgerðir og hagræðing á rekstri

Strax í upphafi kjörtímabilsins var gripið til aðgerða. Þær aðgerðir báru árangur og í lok árs 2022 var afkoma sveitarfélagsins um 500 milljónum betri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Því miður gaf fjárhagsáætlun ársins 2023 til kynna að skuldaviðmið Árborgar gæti að óbreyttu farið úr 156,6% upp í 163,2% og uppsafnaður halla-

rekstur árin 2020-2023 orðið um 6.500 millj. kr. Í framhaldi var því unnin markviss aðgerðaráætlun til að ná fjárhagsstöðu Árborgar á réttan kjöl. Ráðist var í miklar aðgerðir til hagræðingar í rekstri sveitarfélagsins og eru þær aðgerðir með þeim umfangsmestu sem farið hefur verið í af sveitarfélagi hér á Íslandi. Stöðugildum var fækkað í heildina um liðlega hundrað, innkaupabann var sett á stofnanir og allar gjaldskrár voru endurskoðaðar.

Þrátt fyrir aðgerðir sem þegar var búið að fara í runnu upp erfiðustu mánaðarmót sveitarfélagsins þann 1. ágúst 2023. Þegar búið var að greiða út laun til starfsfólks átti sveitarfélagið um 17 m.kr eftir til að greiða aðra reikninga. Já, áttunda stærsta sveitarfélag landsins átti ekki meira til og var hársbreidd frá því að missa fjárhagslegt sjálfstæði til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Bæjarstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins höfðu þegar ráðist í miklar hagræðingar á þessum tímamarki og m.a. staðið að fjölda erfiðra uppsagna. Allt miðaði að því auka skilvirkni í rekstrinum og ekki var stofnað til aukinna útgjalda. Þrátt fyrir allt var lausafjárvaldinn mikill og staðan grafalvarleg. Ekkert var öruggt með sölu eigna, lækkan verðbólgu eða annarra utanaðkomandi þátta.

Af þessum ástæðum og til þess að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélagsins neyddist sveitarfélagið haustið 2023 til að setja álag á útsvar, sem er neyðarúrræði!

Hvað breytist 2024 umfram áætlun?

Sala byggingarréttar upp á 1.200 millj. kr. á fyrri hluta ársins sem var 500 millj. kr.



yfir lágmarkstilboði gjörbreyttu rekstraraðstæðum sveitarfélagsins. Þá var einungis tekið lán upp á 1.375 millj. kr. en árið 2023 námu ný lán 3.899 millj. og ekki þurfti að nota yfirdráttarheimildir líkt og fyrr á.

Launakostnaður var 260 millj. kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun 2024, framlög úr jöfnunarsjóði voru 647 millj. kr. meiri, ásamt útsvarstekjum vegna aukinnar íbúafjölgunar. Samanlagt er þetta viðsnúningur í rekstrinum um 2.345 millj. kr. Það er mikilvægt að það komi fram að nær allur viðsnúningurinn raungerðist ekki fyrr en á síðustu þremur mánuðum ársins 2024.

Staðreyndin er sú að þær aðgerðir sem Sjálfstæðismenn hafa leitt í bæjarstjórn og nú með nýrri forystu, ásamt Áfram Árborg, eru byrjaðar að skila árangri. Aðgerðirnar hafa ekki verið sársaukalausar en þær munu á endanum skila sér í lægri sköttum og betri þjónustu við alla íbúa sveitarfélagsins.

Sveinn Ægir Birgisson, formaður bæjarráðs og bæjarfulltrúi D-lista Sjálfstæðismanna.

Rekstrarniðurstaða (m.kr.) Árborgar 2016 - 2024 A- og B-hluti



Uppsafnaður hallarekstur Árborgar árin 2020-2023 orðinn 6.500 millj. kr.

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Bláðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheidar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Einn í burt var íþrótt ljót,
á það var ég rekinn.
Fjármark þetta fær sér snót,
frænka huldi það með bót.

Svar við gátu í blaði 2800: SAUMUR
1. lína: ÚtSAUMUR 2. lína: (S)aumur
4. PakSAUMUR



Kjötstöng með öllu

Steinar Baldursson er matgæðingur vikunnar.

Ég ætla að byrja á að þakka vini mínum Daða Má fyrir traustið sem hann sýnir manni. Ég bauð honum upp á smörrebröd og danskar frikadellur í liðinni viku og ætke æplekage með ís í eftirrétt.

Ég ætla hins vegar að gefa ykkur uppskrift að mínum allra uppáhaldsrétt sem ég hef eldað svo oft þegar mig langar að gera vel við mig og mína. Það er heit SS pulsa með öllu.

Magnið hér á eftir er miðað við einn og það sem maður þarf er eftirfarandi:

3 stk SS pulsur
3 stk Myllu pulsubrauð
Vals tómatssósa
Sæta sinnepið úr krónunni í brúnu túpunum
Remúlaði (ef það er til, ekki nauðsyn)
Steiktur laukur
Rauðlaukur

Aðferð

Maður byrjar á að fínsaxa rauðlaukinn, og undirbúa öll önnur hráefni á eldússkenkinn. Því næst tekur maður pulsunar og setur á disk og inni örbylgjuofn. Mjög mikilvægt er að standa nærri og gleyma sér ekki. Það skiptir ekki öllu máli hvað maður stillir á langan tíma því maður verður

Ég ætla að skora á Sunnlending í afneitun hann Ara Már Gunnarsson vin minn að vera matgæðing næstu viku. Gaman að geta þess að hann á einmitt óskráð Íslandsmet í "pulsu með öllu" áti.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

SSK gefur út gjafakort

Samband sunnlenskra kvenna gefur árlega út gjafakort. Allur ágóði af kortunum rennur í Sjúkrahússjóð sem SSK heldur utan um. Allt sem safnast í þennan sjóð er gefið í formi tækja til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands í Árnes- og Rangárvallasýslu, þá helst til heilsugæslnanna, eða á sjúkrahúsið og bráðamóttökuna. Kortin eru til sölu á öllum heilsugæslustöðvunum í Árnes og Rangárvallasýslu, en einnig er hægt að nálgast þau hjá formanni SSK, Sólveigu Þórðardóttur s. 869 6534, email ssk@kvenfelag.is. Einnig hafa margir formenn kvenfélaganna á svæðinu verið með kort til sölu hjá sér. Árið 2024 gaf SSK Heilsugæslunni á Selfossi og Heilsugæslunum í Rangárbíngi gjafir fyrir alls

2.488.335 krónur sem er af-rakstur sölu á kortunum. Einnig er enn til eitthvað af eldri gjafakortum sem verða til sölu meðan birgðir endast. Ykkar stuðningur er okkar allra hagar.



Sambætt heimaþjónusta fyrir eldra fólk í Árborg

Unnið er að því að koma upp sambættri heimaþjónustu fyrir eldra fólk í Árborg og sjá til þess að rétt þjónusta sé veitt af réttum aðila og á réttum tíma. Samkomulag þessa efnis var staðfest í Árborg 5. maí sl. Viðstödd voru Inga Sæland félags- og húsnæðismálaráðherra, Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar, og Díana Óskarsdóttir, forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, auk fjölda gesta.

Samkomulagið er á milli HSU og Árborgar og er gert á grundvelli þróunarverkefnis um sambætta heimaþjónustu sem er hluti af aðgerðaáætlun stjórnvalda, Gott að eldast. Þessi formlegi samvinnuvettvangur sem samkomulagið kveður á um verður upphafið að frekari sambættri heimaþjónustu, íbúum Árborgar til heilla. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun og að flétta saman þá þætti sem ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Auglýst var eftir samstarfi við sveitarfélög og heilbrigðisstofnanir um þátttöku í þróunarverkefninum og voru Árborg og HSU meðal þeirra sem valin voru.

Liður í sambættingu heimaþjónustunnar í Árborg er að koma upp sérstöku móttöku- og matsteymi og munu allar beiðnir um heimaþjónustu berast til teymisins. Þá verður unnið að því að koma upp einni þjónustugátt fyrir allar beiðnir.

Þverfaglegu heimaendurhæfingarteymi verður einnig komið á fót og gert ráð fyrir að flestir sem sækja um heimaþjónustu fari í þjónustu teymisins til að byrja með. Heimaendurhæfingin felur í sér tímabundna þjálfun til sjálfshjálpar, ráðgjöf til að auka færni, virkni og bjargráð í athöfnun daglegs lífs sem og samfélagsþátttöku, meðal annars með aðstoð tengiráðgjafa en hlutverk hans er að vinna gegn félagslegri einangrun ásamt því að vera í góðum tengslum við staðbundna aðila til að nýta sem

best þær hjargar sem fyrir eru í samfélaginu. Endurhæfingarteymið mælir færni og getu einstaklinga í upphafi meðferðar og í lokin. Eftir þrjá mánuði í þjónustu teymisins er þörfin endurmetin og hámarkstími þjónustunnar er hálf ár. Að því loknu tekur sambætt heimaþjónusta við ef þörf er á.

„Ég óska íbúum Árborgar hjartanlega til hamingju. Sambætt heimaþjónusta og þær aðgerðir sem grípa á til í Árborg eru lykillinn að því að gera fólki kleift að búa sem lengst heima við góðar aðstæður. Þetta skiptir því miklu máli. Markmið mitt er skýrt: Að gera eldra fólk kleift að lifa með reisn og tryggja eldra fólk öruggi og sjálfstæði á eigin heimili,“ segir Inga Sæland, félags- og húsnæðismálaráðherra.

„Það er virkilega ánægjulegt að með verkefninu Gott að eldast getum við haldið áfram að efla samstarf Sveitarfélagsins

Árborgar og HSU með það að markmiði að þjónusta við eldri íbúa verði markvissari og betri,“ segir Bragi Bjarnason, bæjarstjóri Árborgar.

„Með þessu samstarfi tryggjum við að þjónustan sé veitt á réttum tíma, af réttum aðilum og með heildstæða sýn á þarfir hvers og eins. Þetta er mikilvægt skref í átt að samfelldri og einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem heilbrigðis- og félagsþjónusta vinna saman í þágu notandans,“ segir Díana Óskarsdóttir forstjóri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Gott að eldast er samvinnuverkefni félags- og húsnæðismálaráðuneytisins og heilbrigðisráðuneytisins. Félags- og húsnæðismálaráðuneytið fjármagnar auk þess tímabundið stöðugildi tengiráðgjafa í Árborg og heilbrigðisráðuneytið fjármagnar stöðugildi hjá HSU til að koma á fót áður nefndu heimaendurhæfingarteymi.



Díana Óskarsdóttir, Inga Sæland og Bragi Bjarnason.



Rósa Traustadóttir með sýningu í Gallery Listaseli

Rósa Traustadóttir, listakona með meiru, opnaði myndlistarsýningu í Gallery Listaseli laugardaginn 3. maí. Þar sýnir hún vatnslitaverk unnin á síðastliðnu ári. Rósa hefur sýnt héraðs og erlendis en þetta er sjötta einkasýning hennar. Hún hefur sótt námskeið hjá erlendum og íslenskum vatnslitumálurum og er í Vatnslitafélagi Íslands. Hún bjó á Selfossi í

þrjátíu ár en býr nú í Mosfellsbænum en dvelur mikið í Grímsnesinu þar sem þau hjónin eiga bústað.

Vatnslitirnir hafa átt hug hennar alla tíð og glíman við litina og vatnið sem flæðir á pappírnum. Vegferðin með vatnslitunum verður oft að nokkurs konar hugleiðslu þar sem hún týnir tímanum og flýtur með. Sýningin stendur til 30. maí.



Aðalfundur FOSS

Aðalfundur FOSS verður haldinn, mánudaginn 12. maí kl. 19 á Hótel Selfoss.

Dagskrá fundarins:

- Venjuleg aðalfundastörf
- Lagabreytingar
- Önnur mál
- Happdrætti

Þegar fundi er lokið verður boðið upp á skemmtiatriði.

Boðið verður upp á veitingar á meðan fundi stendur.

Stjórn FOSS

FOSS

Kæru félagar sjáumst á aðalfundi.



Fundurinn verður haldinn í Tryggvaskála þann 14. maí kl. 18:00

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Breyting á reglugerð sjúkrasjóðs
- Önnur mál
- Fulltrúar frá Rannsóknarlögreglunni á Suðurlandi munu halda erindi um mánal

Veitingar í boði fyrir fundarmenn
Allir verða leystir út með gjöf frá félaginu.

Bíran, stéttarfélag

<https://baran.is/adalfundur-barunnar-stettarfelags-2024/>

LANDSPING OG BJÖRGUNARLEIKAR Á SELFOSSI HELGINA 9.-11. MAÍ



Björgunarfélag Árborgar vekur athygli íbúa á því að helgina 9.-11. maí fyllist Selfoss af björgunarsveitarfólki víðsvegar af landinu vegna Landspings og Björgunarleika Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Laugardaginn 10. maí fara fram Björgunarleikar og þá má búast við uppstríluðu fólki á hlaupum um bæinn að leysa hinar ýmsu þrautir.



Einstaklingsmiðaður stuðningur í starf fyrir ungt fólk án atvinnu

Birta starfsendurhæfing, Virk og Vinnumálastofnun hafa innleitt sérhæft úrræði sem felst í því að tengja saman atvinnurekendur og einstaklinga sem leita að starfi á almennum vinnumarkaði. Unnið er eftir hugmyndafræði IPS (Individual placement and support) um að veita ungu fólk í viðkvæmri stöðu sérstakan einstaklingsmiðaðan stuðning við starfsleit með það að markmiði að fyrirbyggja ótímabært brottfarf af almennum vinnumarkaði og auka atvinnuþátttöku þeirra.

Atvinnulífstenglar Virk, Birtu og Vinnumálastofnunar hafa það hlutverk að veita aðstoð og ráðgjöf við markvissa leit að störfum og halda utan um samskipti við atvinnurekendur og atvinnuleitendur gegnum ráðningarferlið, auk eftirfylgni við aðlögun í starf. Til að auka samvinnu milli stofnana varðandi verkefnið hefur verið sett á stofn IPS-teymi Suðurlands sem fundar reglulega. Ávinningur atvinnurekenda af samstarfinu er margvíslegur og má til dæmis nefna aukna fjölbreytni í starfsmannahópnum og jákvæð áhrif á ímynd fyrirtækis eða stofnunar.

Það er mikilvægt fyrir velferð ungs fólks að fá tækifæri til þátttöku á vinnumarkaði. Það að hafa vinnu gefur tilfinningu fyr-



Kristín Arna og Íris frá Vinnumálastofnun á Suðurlandi, Hildur frá Virk á Suðurlandi, Margrét Anna og Sandra frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands.

ir tilgangi og lífsfyllingu, hefur jákvæð áhrif á andlega líðan og þjálfar einstaklinga í að takast á við ýmis verkefni lífsins. Að hafa vinnu getur hjálpað til við að styrkja jákvæða sjálfsmynd og sjálfsvirðingu.

Við viljum gjarnan fá fyrirtæki og stofnanir á svæðinu til liðs við okkur til að styðja við ungt fólk og hvetjum atvinnurekendur til að hafa samband til að fá frekari upplýsingar. Hægt er að óska eftir heimsókn á vinnustaðinn eða símtali til að fá frekari kynningu á verkefninu. Einnig er velkomnið að hafa samband í tölvupósti á eftirfarandi netföng: ips@vmst.is, birta@birtustarfs.is, hildur@virk.is.

Selfoss spilar í afmælistreyju í sumar

Leikmenn meistaraflokka Karla og kvenna Selfoss í knattspyrnu munu leika í nýjum búningum í sumar í tilefni 70 ára afmælis knattspyrnudeildar Selfoss.

Afmælistreyjan sækir innblástur í þónokkra búninga sem liðin hafa leikið í frá stofnun félagsins.

Merki Selfoss sem prýðir afmælisútgáfuna var teiknað af Birni Inga Gíslasyni, heiðursformanni knattspyrnudeildar en það fór fyrst á treyjur félagsins árið 1966.

Ljósmyndir: IMECREATORS/EMELIAGUSTAFS.



Iðjuþjálfar í leik- og grunnskólum: Tækifæri í baráttunni gegn agavanda og skólaforðun

Í 1. grein laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna segir að meginmarkmið laganna sé að „stuðla að farsæld barna og tryggja að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.“ Á undanförmum misserum hefur orðið meira áberandi hversu mörg börn glíma við skólaforðun, agavanda og almenna vanlíðan í leik- og grunnskólum. Þessi þróun kallar á fjölbreytta og þverfaglega nálgun til að mæta þörfum barna á skilvirkan og mannúðlegan hátt. Þó að margt gott sé gert stendur kerfið oft frammi fyrir því að leita lausna með of fáum fagaðilum og of seint.

Í umræðunni virðist gleymast iðulega ein mikilvæg fagstétt og það eru iðjuþjálfar. Iðjuþjálfar hafa þar mikilvægu hlutverki að gegna, enda búa þeir yfir þekkingu og aðferðum sem nýtast vel í að greina undirliggjandi vanda og styðja við þátttöku barna í skólalífinu. Iðjuþjálfar eru sérfræðingar í því að greina og styðja við daglega iðju allt frá grunnþörfum til náms, félagslegra samskipta og leikja. Þeir vinna með einstaklingum sem eiga erfitt með að takast á við daglegt líf, hvort sem það tengist hreyfifærni, einbeitingu, skynúrvinnslu, félagslegri hegðun eða andlegri líðan. Það er því eðlilegt og raunar afar mikilvægt að starf þeirra sé virkjað í leik- og grunnskólum, þar sem slíkir þættir koma gjarnan fram.

Vandi sem kallar á heildrænar lausnir

Þegar barn á erfitt með að sitja kyrrt, fylgja fyrirmælum, tengjast öðrum börnum eða halda athygli í tímum, er oft horft til hegðunar en ekki undirliggjandi orsaka. Iðjuþjálfar horfa heildrænt á barnið og greina vandann með tilliti til undirliggjandi

þátta og umhverfis. Með því að beita heildrænni nálgun geta iðjuþjálfar ekki aðeins stutt börn heldur einnig kennt starfsfólki og foreldrum leiðir til aðlögunar og forvarnar. Þeir geta metið og aðstoðað við aðlögun í leik- og grunnskólaumhverfinu, boðið upp á aðferðir til að efla tilfinningastjórnun og einbeitingu, komið með lausnir til að bæta félagslega þátttöku, styrkja sjálfsmynd barna, komið auga á skynúrvinnsluvanda og verið lykilaðilar í þverfaglegu teymi til að þróa skóla í átt að betra umhverfi, auknu aðgengi og vellíðan barna. Með auknu hlutverki iðjuþjálfra og samþættri þjónustu fagaðila innan skóla-samfélagsins má grípa fyrir inn í, veita aðstoð á réttum tíma og forðast að vandinn magnist upp.

Ráða þarf inn fleiri iðjuþjálfara í leik- og grunnskóla

Ráða þarf inn iðjuþjálfara í leik- og grunnskóla til að sérþekking þeirra nýtist sem best, en til þess þarf að breyta áherslum innan menntakerfisins. Iðjuþjálfar eiga að vera hluti af fagteymum skólanna, ekki bara sem ráðgjafar, heldur sem virkir

þátttakendur í mótun skólaumhverfisins. Í tillögum velferðarvaktarinnar frá árinu 2019 er bent á að nauðsynlegt er að auka stuðning, úrræði og forvarnir innan veggja skólanna og þar koma iðjuþjálfar sterkir inn. Þetta kallar á pólitíska forgangsroðun og aukna fræðslu til stjórnenda og starfsfólks í leik- og grunnskólum.

Tækifærið sem bíður

Við höfum tækifæri til að breyta þessari þróun. Með því að virkja iðjuþjálfara fyrir innan þveggfaglegs teymis er hægt að grípa börn fyrir með snemmtækri íhlutun og koma í veg fyrir snjóboltaáhrif sem geta leitt til alvarlegru vandamála seinna meir. Mikilvægt er að skólakerfið viðurkenni að gildi iðjuþjálfara sé góð leið í átt að heildrænu starfi innan veggja leik- og grunnskóla.

Útskriftarnemar í starfsréttindanami í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri, Hekla Björt Birksdóttir, Hrefna Dagbjört Arnardóttir, Inga Fríða Guðbjörnsdóttir og Íris Krístrún Kristmundsdóttir.



Egill Blöndal Íslandsmeistari í níunda sinn

Selfoss lét vel að sér kveða á Íslandsmeið seniora í júdeó sem haldið var í Laugardalshöll laugardaginn 27. apríl sl. Alls tóku 43 keppendur þátt frá sex félögum, þar af sex glímukappar frá Judódeild Ungmennafélags Selfoss. Selfyssingar stóðu sig með prýði og komu heim með þrjú gullverðlaun og eitt brons.

Egill Blöndal vakti sérstaka athygli með því að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn í +100 kg flokki. Þetta var níundi titill hans á Íslandsmeistarameið og sá fjórði í ólíkum þyngdarflokkum – sem gerir afrek hans einstaklega athyglisvert. Egill hefur áður sigrað í -90 kg, -100 kg og opna flokknum, og er nú orðinn einn sigursælasti judomaður landsins.

Heiðrún Fjóra Pálsdóttir gerði glæsilega endurkomu eftir hlé frá

keppni og vann til gullverðlauna í +78 kg flokki. Þá átti Gylfi Edduson sterka endurkomu eftir veikindi og langt keppnishlé – hann glímdi af öryggi í -73 kg flokki og varð Íslandsmeistari.

Sigurður Hjaltason landaði bronsverðlaunum í +100 kg flokki eftir sterkar viðureignir. Grímur Ívarsson, sem eitt sinn var meðal öflugustu keppenda Selfoss, sneri aftur til leiks í -100 kg flokki og endaði í fjórða sæti

eftir hörkukeppni. Þá stóð Styrmir Hjaltason sig vel þrátt fyrir erfiðan dag – hann hefur sýnt miklar framfarir að undanförmum og lofar góðu fyrir framtíðina.

„Frammistaða Judódeildar UMF Selfoss undirstríkar þann kraft og uppbyggingu sem á sér stað í bæjarfélaginu. Selfoss heldur áfram að vera í fremstu röð í íslensku júdeó,“ segir í tilkynningu frá félaginu.



Nemendasýning Dansakademiunnar haldin hátíðlega í Borgarleikhúsinu

Síðastliðinn laugardag var nemendasýning Dansakademiunnar haldin í Borgarleikhúsinu. Sýningin bar yfirheitid „Heimsókn til ömmu og afa“ og var stórskemmtileg dans- og leiksýning þar sem um 220 sunnlensk börn stigu á Stóra svið Borgarleikhússins. Þetta var í fyrsta sinn sem leiklistarnemendur skólans fengu burðarhlutverk í sýningunni og

túlkuðu söguna um það hvernig amma og afi kynntust, og hvernig lífið var í „gamla daga“. Það voru ekki einungis fjölmargir nemendur sem lögðu leið sína til Reykjavíkur til að koma fram, heldur fylgdu þeim um 900 áhorfendur og hamingja nemenda og aðstandanda leyndi sér ekki.

Þetta var einnig frumraun þeirra

dansnemenda sem hafa æft Söngur og dans síðastliðið ár, í að syngja og dansa samtímis á sviðinu. Námsframboð Dansakademiunnar er sífellt að þróa og gátu dansnemendur sótt sér valtíma aukalega við þeirra hefðbundna dansnám síðasta árið og æft allt að 5x í viku í Söngur og dans, Acro, danstækni eða vera í lokaatriði sýningarinnar. Þessi þróun skilaði

sér beint á Stóra sviðið þar sem fjölbreytt nám nemendanna var bersýnilegt í stórkostlega fjölbreyttum og skemmtilegum atriðum.

Ljósmyndari: Dagný Dögg Steinþórsdóttir



Aðvintýrleg stemning



á „Burtu með fordóma“



Að bjarga bók – Fyrirlestur í Skálholti

Laugardaginn 10. maí kl. 15:00 verður boðið upp á fræðslufyrirlestur í Skálholts-skóla sem ber heitið: „Að bjarga bók“

Eyþór Guðmundsson bókasafnari frá Beitingsstöðum hefur undanfarin 7 ár haldið úti verkefninu Old Icelandic books sem hefur það markmið að varðveita þann menningararf sem liggur í íslenskum fornbókmenntum.

Hann á viðamikil bókasafn fágætra bóka, sem inniheldur

bækur sem prentaðar voru fyrr á öldum en elsta eintakið er biblíá á latínu sem var í eigu Dr. Péturs Péturssonar vískaups á árunum 1866 – 1889. Sú biblíá var prentuð árið 1578 og er því eldri en Guðbrandsbiblíá. Einnig á hann handritabrot sem eru talin vera um 600 ára.

Í bókasafninu eru fágætar biblíur og bækur sem prentaðar voru í prentsmiðjum sem staðsettar voru í Viðey, Hrafnseyri, á Hólum og í Skálholti. Meðal

bóka hans eru bækur sem eru einungis til í einu eintaki.

Eyþór mun fjalla um tilurð Old Icelandic books og frá ferlinu við að bjarga gömlum bókum, en hann þvær bækurnar og bindur þær upp að nýju.

Hann mun sýna nokkrar bækur sem voru prentaðar í Skálholti á 17. öld.

Á skalholt.is má lesa um fleiri viðburði í tengslum við menningarveisluna í maí.



Alvöru '80s party með Hr. Eydís og Ernu Hrönn

Háskólabíó var vettvangur Halgerrar nostalgíusprengru síðastliðið laugardagskvöld þegar Hr. Eydís og Erna Hrönn fóru með troðfullan sal í tryllt '80s tónlistarferðalag. Fjöldi tónleikagesta var mættur uppáklæddur og það jók aldeilis á stemninguna. Tónleikarnir voru sannkölluð partyveisla þar sem stærstu smellir áratugarins fengu að hljóma og allt ætlaði um koll að keyra þegar leynigestur kvöldsins steig á svið.

Leynigestur kvöldsins, Bjarni Ara, kom öllum tónleikagestum að óvörum og söng sigurlagið sitt úr Látúnsbarkkeppni Studmanna árið 1987, Slá í gegn. Fólk stóð upp úr sætum, dansaði og söng með af fullum krafti og augljóst var að kvöldið var ógleymanlegt fyrir alla viðstadda.

„Þetta var magnað, við vorum bókstaflega komin aftur í tíma.... þetta var alveg geðveikt!“ sagði einn glaður tónleikagestur brosandí út að eyrum að tónleikum loknum.

Tónleikarnir í Háskólabíói sýndu glögglega hversu lifandi og áhrifamikil '80s-tónlistin er enn í dag.



Ljósmynd: Brynja Eldon



Ljósmynd: Brynja Eldon



Ljósmynd: Brynja Eldon



Ljósmynd: Brynja Eldon

Komdu pallinum og öllu hinu tréverkinu í sumarþúning með

VISTVÆNNI VIÐAR pallaolíu og viðarvörn frá **Slippfélaginu**.

VISTVÆNN VIÐAR er betri fyrir umhverfið.



SLIPPFÉLAGIÐ

Austurvegi 58, Selfossi, s: 482 1250

Opið:

8-18 virka daga og 10-14 laugardaga

slippfelagid.is



Stefnumarkandi samningur Torcargó og Ölfuss

30. apríl sl. var undirritaður samningur á milli sveitarfélagsins Ölfuss og flutningafyrirtækisins Torcargó um reglubundnar áætlunarsiglingar til og frá Þorlákshöfn. Samkomulagið nær jafnframt til samstarfs um áframhaldandi uppbyggingu á hafnarsvæðinu. Torcargó hefur einnig keypt fyrirtækið Kuldabola ehf. sem rekið hefur um árabíl öflugt frystivörubíll á hafnarsvæðinu auk löndunar- og flutningsþjónustu innanlands. Gert er ráð fyrir að fyrsta skip Torcargó, Idunn, komi til Þorlákshafnar frá Rotterdam þann 9. júní næstkomandi og marki þar með upphaf nýju siglingaleiðarinnar.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á hafnarsvæði Þorlákshafnar síðustu mánuði og misseri til þess að skapa þar fyrsta flokks aðstöðu fyrir afgreiðslu vöruflutningaskipa og gámaþjónustu. Torcargó mun nýta aðstöðuna sem aðalhöfn sína á Íslandi í áætlunarsiglingum á milli Íslands og meginlands Evrópu. Náttúrulegar aðstæður með miklu dýpi gera getu hafnararmannvirkjana til þess að taka stór fraktskip að bryggju og þjónusta þau á rúmgóðu gámasvæði einkar góða.

Torcargó hefur sinnt áætlunarsiglingum og alþjóðlegri flutningsmiðlun í hartnær tuttugu ár. Í dag rekur félagið einnig eigin flutningsþjónustu í lofti undir merkjum Odincargo auk eigin landflutninga innanlands. Starfsemin grundvallast öll á

því upphaflega meginmarkmiði stofnenda félagsins að fara ótröðnar slóðir í flutningsþjónustu við íslenskt atvinnulíf til þess að hámarka gæði og lágmarka kostnað.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss: „Á síðustu árum hefur samfélagið hér varið miklum fjármunum í uppbyggingu hafnararmannvirkja í þeim tilgangi að treysta innviði og skapa sóknarfæri. Þessi samningur er næsta skref í sókninni og enginn vafi er á að samvinnan við Torcargó verður mikil lyftistöng fyrir umsvif og frekari uppbyggingu hafnarsvæðisins á næstu árum. Engum dylst að höfnin hér er mikilvægasta fjöregg atvinnulífs og verðmætasköpunar í Þorlákshöfn og sveitarfélaginu öllu auk Suðurlandsins í heild sinni. Þessi hraustlega innkoma Torcargó með sína metnaðarfullu framtíðarsýn skiptir okkur miklu máli.“

Stefán H. Stefánsson, forstjóri Torcargó: „Aðstaðan í Þorlákshöfn er í okkar huga ákaflega vel í sveit sett sem miðstöð flutningaþjónustu fyrir okkur og ýmsa aðra atvinnustarfsemi á komandi árum. Þetta er rökrétt skref fyrir vaxandi umsvif okkar og með fjárfestingunni í starfsemi Kuldabola tryggjum við ekki einungis undirstöður núverandi þjónustu heldur sýnum einnig í verki þá miklu trú sem við höfum á framtíðartækiferum svæðisins.“



Stefán H. Stefánsson forstjóri Torcargó (t.v.) og Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfuss.

Krakkabarokk í Selfosskirkju

Krakkabarokk á Suðurlandi Keru fjölskyldutónleikar þar sem Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk flytur fjölbreytta tónlist frá barokktímanum í félagi við tónlistarnemendur og kórsöngvara af Suðurlandi.

Tónleikarnir fara fram í Selfosskirkju sunnudaginn 11. maí og hefjast kl. 15. Á tónleikunum fá áheyrendur að heyra einleik, samleik og kórsöng með undirleik hátíðarhljómsevitar Krakkabarokks.

Aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Fram koma:
Kammerhópurinn Reykjavík-Barokk
Nemendur Tónlistarskóla - Rangæinga

Kór Hvolsskóla
Orgelkrakkar Tónskóla - Þjóðkirkjunnar

Tónleikarnir og verkefnið Krakkabarokk er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurlands og Barnamenningarsjóði.



MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS Á LAUGARVATNI

UMSJÓN:
ELENA R. MARQUEZ GUNNLAUGSDÓTTIR
OG ARNBJÖRG YR SIGURÞARDÓTTIR

PEMAVIKA, DIMISSION OG HEILMIKIL GLEÐI Á LAUGARVATNI

KOMIÐ SÆL, KÆRU SUNNLENDINGAR.

Líf og fjör hefur verið í Menntaskólanum að Laugarvatni síðustu daga, þar sem fram fór skemmtileg þemavika sem endaði á skemmtilegu þemaballi. Vegna páska og sumardagsins fyrsta var skóli aðeins í þrjá daga og hófst því þemavikan þriðjudaginn 23. apríl með treyjudegi, og mættu nemendur í sínum uppáhalds íþróttatrejum. Daginn eftir, miðvikudaginn 24. apríl, var sölgleraugnadagur og þá mátti sjá alla ganga um með sölgleraugu á nefinu eða hausnum. Má segja að sumarleg stemning tæki yfir skólann, þrátt fyrir íslenskt aprílveður. Svo leið að föstudeginum 25. apríl og þá var „Fancy Friday“, þar sem allir mættu í sínu fínasta þússi. Ótrúlega gaman var að sjá bæði nemendur og starfsmenn fylgja þemanu. Um kvöldið var svo haldið árlega þemaballið og þetta árið varð 80's þema fyrir valinu. Nemendur skólans mættu í neon-litum, með legghlífar, jafnvel á hjólaskautum og með stórar fínar hárgreiðslur. Dansað og sungið var á ballinu og skemmtu sér allir konunglega.

Vikuna eftir var haldin Dimission fyrir þriðja bekk föstudaginn 2. maí. Klædd upp sem Bangsímón fór útskriftarhópur ársins í sinn leiðangur og loks á hitting með starfsfólki menntaskólans. Mikið var um bros og tár, enda mikil tímamót fyrir þennan flotta hóp sem nú heldur út í heiminn eftir dýrmæt ár á Laugarvatni. Það er óhætt að segja að þessar tvær vikur hafa verið einstaklega skemmtilegar og alls ekki amalegt að enda þetta skólaárið á svona skemmtun.



Elena R. Marquez Gunnlaugsdóttir, ritnefndarformaður nemendafélagsins Mímis.

VINSÆLU ALOEVERA KREMIN FRÁ TENERIFE ERU KOMIN

APÓTEKI
SUÐURLANDS



„Fagra veröld“ í Sólheimakirkju

Kammerkór Reykjavíkur heldur til Sólheima í Grímsnesi þann 17. maí næstkomandi og verður með tónleika þar kl. 14:00 í Sólheimakirkju. Tónleikarnir bera yfirskriftina Fagra veröld. Stjórnandi tónleikanna er Sigurður Bragason og á píanó spilar Elísabet Þórðardóttir.

Kórinn er á leið í söngferð til Spánar í júní og verður sama prógram flutt á tónleikunum á Sólheimum og á Spáni.

Kórinn hefur starfað í yfir tuttugu ár og er hann skipaður 16 söngvurum og innan kórsins

eru fimm einsöngvarar.

Öflug starfsemi er hjá kórnum og er æft einu sinni í viku. Tekist er á við ýmis verkefni

bæði innlend sem erlend, haldnir eru tvennir tónleikar á ári, vortónleikar og svo jólatónleikar.



Tónar, bragð og hefðir allra heimshorna sameinast

Fjölmenningarráð Rangárþings eystra í samstarfi við nýstofnað Fjölmenningarráð Rangárþings ytra boða til glæsilegrar fjölmenningarhátíðar laugardaginn 10. maí næstkomandi. Hátíðin fer fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli og stendur yfir í einn dag.

Markmið hátíðarinnar er að fagna þeim mikla fjölbreytileika menningar og þjóða sem býr í Rangárþingi eystra og Rangárþingi ytra, stuðla að samtali og samþættingu ólíkra menningarhópa og kynna þá fjölbreyttu menningu og þjóðarbrot sem sveitarfélögin státa af en á svæðinu búa einstaklingar frá um 40 mismunandi löndum. Þá verður sérstaklega lögð áhersla á að koma á samtali milli íþróttafélaga og heimila erlendra barna í tengslum við íþróttaiðkun, en kannanir hafa sýnt að þátttaka þeirra er oft minni en hjá innfæddum börnum.

Á hátíðinni gefst innflytjendum og fólki af erlendu bergi brotnu tækifæri til að kynna heimalönd sín og menningu í gegnum mat, muni, sögu, tónlist og fleira. Gestir munu geta kynnt sér ólík lönd og menningu þar sem í kynningarbásunum verður boðið upp á samtali um sögu, siði og hefðir, listir og handverk frá ýmsum heimshornum. Hver bás mun hafa sinn eigin „menningarfulltrúa“ sem deilir upplýsingum og sögum. Þá verður boðið upp á fjölbreytt úrval af

mat og drykkjum frá ýmsum heimshornum, útbúnum af innflytjendum sjálfum. Auk þess verður hægt að upplifa tónlist og dans frá mismunandi menningarsvæðum, bæði á sviði og í óformlegri sýningu, jafnvel með kennslu þar sem gestir geta tekið þátt. Samtal verður á milli íþróttahreyfinga og foreldra barna af erlendum uppruna til að stuðla að betri og farsælli íþróttaiðkun barna af erlendum uppruna og hægt verður að skoða listskópun yngstu íbúa sveitarfélagsins.

Georgina Anne Christie, formaður fjölmenningarráðs Rangárþings eystra, segir:

„Við erum ótrúlega spennt að bjóða til þessarar fyrstu sameiginlegu fjölmenningarhátíðar sveitarfélaganna. Í Rangárþingi eystra er um þriðjungur íbúa af erlendum uppruna og í Rangárþingi ytra er hlutfallið einnig töluvert. Það er afar mikilvægt að skapa vettvang þar sem allir okkar íbúar geta komið saman, kynnst hver öðrum enn frekar og fagnað þeirri fjölbreytni sem auðgar samfélag okkar svo mikið. Ég hvet alla til að koma og upplifa þennan litríka dag með okkur á Hvolsvelli.“

Hátíðin er opin öllum áhugasömum um fjölmenningu, óháð búsetu.



Georgina Anne Christie frá Zimbabve er formaður fjölmenningarráðs í Rangárþingi eystra.



Frá fjölmenningarhátíð í Hvolnum 2022.

Laus staða AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRA í Bláskógaskóla á Laugarvatni

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samrekinn leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 26 börn í leikskóladeild og 59 í grunnskóla-deild. Skólinn er Grænfána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsuefningu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

Aðstoðarskólastjóri í 100% starf:

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Dagleg stjórnun og rekstur skólans í samstarfi við skólastjóra og annað starfsfólk.
- Er staðgengill skólastjóra.
- Þátttaka í stefnumótun á starfsemi skólans í samræmi við skólafélagssveitarfélagsins, aðalnámskrám leikskóla, aðalnámskrám grunnskóla, lög um leikskóla og lög um grunnskóla.
- Veita faglega forystu.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.
- Önnur verkefni samkvæmt starfslýsingu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfi til að nota stafsheitid kennari.
- Kennslureynsla er skilyrði.
- Framhaldsmenntun á sviði kennslufræða, uppeldisfræða og stjórnunar er kostur.
- Góð samskiptahæfni, lausnamiðun, vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Starfsreynsla sem stjórnandi kostur.
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Sjálfstæði í störfum, skipulagshæfileikar og ríkt fumkvæði.
- Góð íslenskukunnátta, góð færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og góð almenn tölvukunnátta.
- Áhugi á að próa sig í starfi.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitid kennari. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2025. Starfið henta einstaklingum óháð kyni.

Umsókn með fylgigögnum skal send á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 25. maí 2025. Nánari upplýsingar veitir Íris Anna Steinarssdóttir, skólastjóri, í síma 480-3030.



Yfir þriggja milljarða viðsnúningur í rekstri Sveitarfélagsins Árborgar

Aðgerðir til hagræðingar, Asala eigna og auknar tekjur sem m.a. skýrast af íbúafjölgun og álagi á útsvar eru megin skýring jákvæðrar niðurstöðu ársreiknings sem lagður var fram í bæjarráði Árborgar 25. apríl sl.

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta er jákvæð um 3.243 millj. kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir um 115 millj. kr neikvæðri niðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 1.892 millj. kr. en áætlanir gerðu ráð fyrir um 1.000 millj. kr neikvæðri niðurstöðu. Um er að ræða eina bestu rekstrarniðurstöðu sveitarfélagsins frá upphafi sem kemur verulega á móti hallarekstri undanfarinna ára. Árangurinn rennir sterkari stöðum undir fjárhagsáætlun ársins og undirbúning áætlunar næstu ára. Einskiptis tekjur vegna álags á útsvar og sölu eigna hafa umtalsverð áhrif á jákvæða rekstrarniðurstöðu en áfram verður megináskorunin að gera A-hluta sveitarfélagsins sjálfbæran á næstu árum.

Veltufé frá rekstri rúmlega tvöfaldast milli ára og er um 4.383 millj. kr. og handbært fé eykst um tæplega 2.000 millj. kr. milli ára og endar í 2.333 millj. kr. í A- og B-hluta.

„Niðurstaða ársreikningsins er mjög ánægjuleg og vil ég óska íbúum, starfsmönnum og kjörnum fulltrúum til hamingju með árangurinn. Það er ánægjulegt að aðgerðir bæjarstjórnar og starfsmanna undanfarin þrjú ár hafi skilað árangri á skemmri tíma en áætlað var. Lausafjárstaða sveitarfélagsins styrkist og skuldaviðmið lækkar verulega milli ára þrátt fyrir umfangsmiklar fjárfestingar og viðhald innviða.

Stefna bæjarstjórnar Árborgar var að taka á rekstrarvandanum með ábyrgum hætti og það er að takast. Við munum áfram sýna ábyrgð í rekstrinum með það að markmiði að skapa aðstæður til lækkunar annarra álaga, líkt og fasteignagjalda. Íbúar eiga alltaf að njóta ávinningsins á endanum m.a. í formi lægri gjalda og álaga” sagði Bragi Bjarnason bæjarstjóri af þessu tilefni.

Skuldaviðmið lækkar í 107,6%
Skuldir við lánastofnir lækka

milli ára en heildarskuldir og skuldbindingar aukast lítillega vegna gjalddaga á skammtímaláni sem verður endurfjármagnað á yfirstandandi ári. Skuldaviðmið lækkar í 107,6% úr 147,4% sem er frábær árangur og er Árborg komin vel undir lögbundið hámark sem er 150% samkvæmt sveitarstjórnarlögum.

Sala byggingarréttar fyrir land í Björkurstykki kemur inn í ársreikninginn og skilar um 700 millj. kr. umfram áætlanir þegar gert er ráð fyrir sölu eigna og byggingarréttar. Aðgerðir til hagræðingar skila sér í jákvæðri niðurstöðu flestra málaflokka og íbúafjölgun umfram áætlanir ásamt álaginu eykur útsvarstekjur.

Álag á útsvar nær aðeins til ársins 2024

Hluti af aðgerðaáætluninni “Brú til betri vegar” var að Árborg innheimti sérstakt álag á útsvarið fyrir árið 2024 til að tryggja lausafjárstöðu sveitarfélagsins og um leið grunnþjónustu. Sú aðgerð sem nær eingöngu til ársins 2024, skilar um 300 milljónum umfram áætlanir sem hefur verulega áhrif á að sveitarfélagið er komið í gegnum fjárhagsferfiðleikana og styrkir stöðu þess til framtíðar.

“Nú er samkomulagi sveitarfélagsins við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga að ljúka 1.maí nk. og það er ánægjulegt að geta lagt fram ársreikning með þessari niðurstöðu sem styður enn frekar við samþykktu fjárhagsáætlun og bættan rekstur sveitarfélagsins. Það má samt segja að nú reyni á að sýna áfram ábyrgð í rekstri, standast áætlanir og gera A-hluta sveitarfélagsins sjálfbæran á næstu árum þannig að við lendum aldrei aftur á sama stað og árið 2022.” sagði Bragi að auki.

Íbúafjöldi í Árborg var 12.064 samkvæmt tölum Hagstofu Íslands 1.janúar 2025 og fjölga um 499 íbúa. Fjöldi stöðugilda er um 785 og stendur nánast í stað milli ára.

Ársreikningurinn var lagður fram til staðfestingar í bæjarráði föstudaginn 25. apríl og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn mánudaginn 28. apríl.

Vel heppnuð málstofa um íþróttamál í Uppsveitum Árnassýslu

Málstofa um íþróttamál í Uppsveitum Árnassýslu var haldin í Aratungu sunnudaginn 27. apríl sl. Þar sem ætlunin var að ræða saman um möguleikana á að stækka og efla íþróttastarfið í Uppsveitunum. Það voru Heilsueflandi Uppsveitir og Sveitarfélagið Grímsnes- og Grafningshreppur sem stóðu að skipulagningunni í samstarfi við HSK og svæðisstöð íþróttahéraða á Suðurlandi.

Viðburðurinn heppnaðist frábærlega. Mætingin var framfar björtustu vonum og voru gestir ánægðir með þau erindi sem hlýtt var á, en annars vegar fjallaði Jóhann Árni Ólafsson um Grindavíkurleiðina og hins vegar hélt Vésteinn Hafsteinsson erindi undir yfirskriftinni Áfram Ísland - samvinna til árangurs. Þá var dýrindis kaffihlaðborð í boði og að lokum fór vinnustofa fram þar sem rætt var um íþróttastöðu í Uppsveitum, núverandi starfsemi

íþróttafélaganna á svæðinu og framtíðarsýn.

„Það er ánægjulegt að finna kraftinn og bjartsýnina sem býr á svæðinu og nokkuð ljóst að samstarf og samvinna verður

efld á komandi mánuðum, íþróttastarfinu til heilla”, sagði Rákel Magnúsdóttir svæðisfulltrúi íþróttahéraða á Suðurlandi eftir vel heppnaðan dag í Aratungu.



Laus störf í Bláskógaskóla á Laugarvatni skólaárið 2025-2026

Bláskógaskóli á Laugarvatni er samþættur leik- og grunnskóli ásamt frístundarstarfi. Nemendur eru á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk og þar af eru 26 börn í leikskóladeild og 59 í grunnskóla-deild. Skólinn er Grænifána skóli og leggur áherslu á teymiskennslu, fjölbreytta kennsluhætti, fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, útikennslu og heilsueflingu. Uppeldisstefna skólans er „Uppeldi til ábyrgðar“ og leikskóladeild vinnur út frá kenningum um „Flæði“.

Eftirfarandi stöður eru lausar til umsóknar:

- Kennara í leikskóladeild í 100% stöðu
- Kennara í heimilisfræði í 46% stöðu
- Kennara í myndmennt í 46% stöðu
- Aðstoðarmatráður í 100% stöðu
 - o Eldhússtörf í leik- og grunnskóladeild

Menntunar- og hæfniskröfur:

Kennarar:

- Leyfisbréf til kennslu.
- Hæfni til að skipuleggja nám í fjölbreyttum nemendahópi
- Þar sem allir fá að njóta sín á eigin forsendum.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymiskennslu.
- Áhugi á útinámi og að þróa sig í starfi

Allir:

- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður.
- Góð íslenskukunnátta.
- Mjög góð færni í samskiptum.
- Jákvæðni og sveigjanleiki.
- Vilji til þátttöku í samstarfi og teymisvinnu.
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Í Bláskógaskóla er full vinnustytting, frítt kort í ræktina og frábær starfsmannahópur. Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð. Störf henta einstaklingum óháð kyni. Ráðið er til starfa frá og með 1. ágúst 2025. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Umsókn skal fylgja kynningarbréf, yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf fyrir starfsheitið kennari.

Nánari upplýsingar gefur Íris Anna Steinarrsdóttir skólastjóri í síma 480-3030. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra á netfangið irisanna@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 25. maí 2025.



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkið 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessir tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
8.maí kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 8. maí. kl. 14:45

Söngfluglar
Kór félagsstarfs
aldraða í reykjavík

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.



Hafðu samband
og fáðu tilboð í
auglýsingar í blaðið
og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Vel heppnuð 1. maí hátíðarhöld á Selfossi – Konur í forgrunni á kvennaári

Árleg 1. maí hátíðarhöld verkalýðshreyfingarinnar fóru fram á Selfossi 1. maí við góðar undirtektir. Dagskráin hófst með kröfugöngu frá Austurvegi 56 kl. 11:00, þar sem Lúðrasveit Selfoss og Hestamannafélagið Sleipnir leiddu hópinn að Hótel Selfoss þar sem hin formlega dagskrá og fjölskylduskemmtun var haldin.

Helga Kolbeinsdóttir frá stéttarfélaginu FOSS stýrði dag-

skránni með miklum myndarbrag. Aðalræðu dagsins flutti Halla Gunnarsdóttir, formaður VR. Hún flutti kröftuga ræðu og fór yfir hvernig stéttarfélagaráttan um heim allan á undir högg að sækja sem og kvennabaráttan. María Friðmey Jónsdóttir flutti áhrifaríkt ávarp fyrir hönd nemenda við FSU. Báðar lögðu þær áherslu á mikilvægi kvenna í verkalýðsbaráttunni og þá vegferð sem enn er fram



undan í jafnréttismálum.

Hátíðin bar þess merki að 2025 hefur verið útnefnt kvennaári í verkalýðshreyfingunni. Markmiðið með kvennaárinu er að draga fram framlag kvenna til verkalýðshreyfingarinnar í fortíð og samtíð, styrkja stöðu kvenna innan hreyfingarinnar og vekja athygli á þeim sérstæku áskorunum sem konur mæta á vinnumarkaði. Sérstök áhersla er lögð á að konur gegni lykilhlutverkum í allri dagskrá ársins og það speglaðist vel í dagskrá dagsins.

Tónlistaratriði voru í höndum Júlí Heiðars og Dísu og Leikfélag Hveragerðis vakti mikla kátínu með skemmtilegum lögum úr Ávaxtakörfunni. Fimleikadeildin sá um andlitsmálun fyrir börnin og boðið var upp á kaffi og veitingar.

Mæting var góð, mikil ánægja ríkti meðal gesta og hátíðin þótti afar vel heppnuð í alla staði. Með þátttöku sinni sýndu þeir sem tóku þátt glæsilega samstöðu og samhug í þágu réttinda launafólks – og að þessu sinni með sérstaka áherslu á jafnrétti kynjanna og virka þátttöku kvenna.



Ljósmynd: Laufey Ósk Magnúsdóttir



Ljósmynd: Laufey Ósk Magnúsdóttir



Ljósmynd: Laufey Ósk Magnúsdóttir

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa á mæðradegi 11. maí í Skálholtsdómkirkju kl. 11. Sr. Kristján Björnsson vígslubiskup íhugar merkingu dagsins og örlög Ragnheiðar Brynjólfssdóttur sem var látin sverja eið sinn við kirkjudygnar í Skálholti þennan dag. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á orgel og leiðir safnaaðarsöng. Eftir stundina leiðir sr. Kristján okkur í létrri skoðunarferð og tengir það sögu Ragnheiðar. Innilega velkomin.

Þorlákskirkja

Guðsþjónusta kl. 11:00.
Kór Þorlaks- og Hjallasóknar leiðir almennan safnaaðarsöng. Sigríður Munda Jónsdóttir, sóknarprestur þjónar.
Verum öll velkomin

Eyrarbyggjakirkja:

Fermingarmessa klukkan 11:00.
Fermð verða 4 ungmenni.
Prestur er Ása Björk Ólafsdóttir, orgarnisti er Pétur Nói Stefánsson og Kammerkór Eyrarbyggjakirkju leiðir sönginn.

Selfoskirkja:

Sunnudagaskóli með blómáþema klukkan 11:00 í umsjá Sjafnar og leiðtoganna.

Barrokkmessa klukkan 20:00.
Barrokkveitin sér um tónlistina og Ása Björk þjónar.

Slökkvistöð rís á Borg í Grímsnesi

Ávorfundi Brunavarna Árnassýslu bs. 28. apríl sl. var samþykkt að undirbúa rekstur slökkvistöðvar á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Grímsnes- og Grafningshreppur greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

„Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshreypps fagnar niðurstöðum vorfundarins og hlakkar til að efla starfsemi Brunavarna Árnassýslu í sveitarfélaginu,“ segir í tilkynningu frá sveitarfélaginu.

Í Grímsnes- og Grafningshrepp er stærsta frístundahúsa byggð landsins, en þar eru 22% allra frístundahúsa á landinu og

það eru því ríkir almannahagsmunir að viðbragðstími hjá viðbragðsaðilum sé með besta móti sem hægt er, bæði fyrir íbúa og fasteignaeigendur.

Sveitarfélagið stefnir á að byggja u.þ.b. 200 m² hús til leigu fyrir starfsemi Brunavarna Árnassýslu og stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun á árinu 2026. Slökkvistöðin verður í Þinggerði 1, sem er lóð í eigu sveitarfélagsins og staðsett við Grímsstorg og við Sólheimavegin.

Áætlað er að gerður verði sérstakur samningur um afnot af húsnæðinu með möguleika á kaupum í framtíðinni.



Reykur og speglar - Sjónhverfingar í Árborg

Á núlíðandi kjörtímabili hefur mikil verið rætt og ritað um rekstur í Sveitarfélaginu Árborg. Margt misjafnt hefur verið sett fram og misgáfulegt. Við lok síðasta kjörtímabils var Sjálfstæðismönnum tíðrætt um að rekstur Sveitarfélagsins Árborgar væri á versta veg og að reksturinn væri ekki sjálfbær og að fráfarandi meirihluti búið svo um húntana að Eftirlitsnefnd sveitarfélaganna væri í starholunum í Innviðaráðuneytinu til að taka yfir reksturinn. Því var haldið fram að í Árborg hefði verið farið of geist í framkvæmdir og að aðhald í rekstri væri slakt. Það sem gerðist var að ráðist var í byggingu skóla, leikskóla og íþróttahöll var byggð fyrir rúmar 1.300 mkr. Var það allur glæpurinn en sennilega gleymdist að senda inn spurningarlista upp í Valhöll hvort þetta væri í lagi og hvort ekki væru réttir verktakar ráðnir til verkanna.

Hvað sem því líður þá er rétt að halda sig við staðreyndir mála og fór skuldaviðmið sveitarfélagsins í 156,6% í lok árs 2022 en var 147,4% árið 2023 og er nú 107,6% samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2024. Skuldaviðmið skv. reglugerð sem er sett í þeim tilgangi að setja skýr viðmið um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélaga svo þau uppfylli kröfur um fjárhagslega sjálfbærni skv. sveitarstjórnarlögum. Skuldahlutfallið sem reiknast sem heildarskuldur af regulegum tekjum skal ekki vera hærra en 150% enda ef hlutfallið er umfram fyrrnefnt hámark til lengri tíma er rekstur sveitarfélaga ekki sjálfbær. Hins vegar er vert að hafa í huga að á tímum mikilla fjárfestinga kann hlutfallið að kíkja tímabundið yfir hámarksviðmiðið en ef horfur eru á að tekjur aukist í náinni framtíð þá er mögulegt að réttlæta slíka ráðstöfun.

Hvað gerðist eiginlega í Árborg?

Er nú von að fólk spyrji sig þeirrar spurningar. Hvernig gat staða sveitarfélagsins farið úr því að vera ágæt, í hræðilega og aftur í ágæta á innan við einu kjörtímabili? Er það nú von að fólk spyrji sig að því? Undirritaður ætlar að gera tilraun til að svara þessari ágætu spurningu.

Á síðasta kjörtímabili var fjárfest verulega í innviðum og

íþróttastöðu til handa íbúum sveitarfélagsins. Vel var lagt til að mæta fyrirsjáanlegri þörf á innviðum vegna fjárhagsfjölgunar og fyrirhugaðri fjárhagsfjölgun. Núverandi meirihluti málaði upp svo dökka mynd af fjárhagsstöðunni að ritað var um bága fjárhagsstöðu í Málagninu og öðrum fréttamiðlum eins og að sveitarfélagið væri nánast gjaldþrota, með 156,6% skuldaviðmið. Er það mjög hæpin túlkun á alvarleika stöðunnar. Nefna ber að lánveitendur héldu mjög að sér höndum í lánveitingum til sveitarfélagsins, svo mjög, að sveitarfélagið þurfti að glíma tímabundið við lausafjárkreppu. Má segja að lausafjárkreppa sveitarfélagsins hafi eingöngu verið meirihluta Sjálfstæðismanna um að kenna því svo dökk mynd var á borð borin. Þessi atlagla Sjálfstæðismanna að sveitarfélaginu hefur haft það í för með sér að lánakjör sem sveitarfélagið hefur þurft að una við hafa verið mun óhagstæðari en efni stóðu til um og má því segja að málflutningur þeirra hafi stórskadað lánshæfismat sveitarfélagsins til lengri tíma. Á undanförmum árum hefur sveitarfélagið því greitt hærra vexti en edlilegt getur talist vegna lækkaðs lánshæfismats lánveitenda. Vert er að benda á að lánveitendur eru ekki einhverjar ónafngreindar verur. Lánveitendur eru venjulegt fólk úti í bæ sem les sömu fréttir og þú, lesandi góður, og verður fyrir sömu áhrifum og allir aðrir sem fylgja fréttum líðandi stundar. Því ber að tala um rekstur sveitarfélagsins af yfirvegun en ekki léttuð.

Tilgangurinn helgar meðalið, allir áttu að fá það á tilfinninguna að rekstrarvandi sveitarfélagsins væri alvarlegur en nú væru Sjálfstæðismenn komnir í verkið og það yrði lagað. Þó var það svo að þegar rætt var um leiðir benti núverandi meirihluti ávallt á ráðgjafa KPMG og firrtu sig allri ábyrgð á lausnunum. Þau væru einfaldlega að gera það sem sérfræðingarnir væru að leggja til. Hins vegar ber einnig að nefna að í samhengi við rekstraráðhald hjá sveitarfélaginu þá hafa starfsmenn Árborgar sýnt mikla þrautseigju og ber að þakka þeim fyrir einstakt framlag á kjörtímabilinu.

Arnar Freyr Ólafsson

Oddvit Framsóknar og bæjarfulltrúi í Árborg.



Reksturinn stökkbreytist með íbúafjölgun

Nú er svo komið að fréttir um andlát sveitarfélagsins hafa verið stórlega ýktar. Svo komst skáldið góða að orði um eigið andlát og má beita sömu kómík um málflutninginn sem að framan er rakin. Skuldaviðmið hefur lækkað niður í 107%. Rekstrartekjur hafa tvöfaldast á fjórum árum. Á árinu 2020 voru heildarrekstrartekjur sveitarfélagsins 11.000 mkr. en voru 23.000 mkr. á árinu 2024. Hér er mismunur um 12.000 mkr. eða ríflega tvöföldun á fjórum árum. Eru breytingarnar núverandi meirihluta að þakka? Svarið er einfalt, nei. Hér er um að ræða breytingar vegna verulegrar aukningar á skattheimtu og vegna íbúafjölgunar. Til viðbótar njótum við fjárfestinga sem ráðist var í á síðasta kjörtímabili því svigrúmið til að taka við fjölgun íbúa á núverandi kjörtímabili er mögulegt án verulegra fjáruútlata.

Sjálfstæðismenn hafa á kjörtímabilinu staðið fyrir stóruaukinni skattlagningu á íbúa og fyrirtæki í formi útsvarshækkunar, hækkunar á fasteignaskatti og gjaldskrá. Má segja að eini skiptisgreiðslur sem sveitarfélaginu bærust á árinu 2024 voru aukaútsvar vegna tímabundinnar hækkunar sem nam 1.200 mkr. og nam sala á byggingarétti í Björkurstykkinu svokallaða um 1.200 ma.kr. Samanlagt eru þessir skattar um 2.400 mkr. sem innheimtir voru á árinu 2024 í eitt skipti. Skuldir hafa jafnframt verið auknar um tæpar 1.900 mkr. frá árinu 2022 á kjörtímabilinu. Byggingaréttargjaldinu hefur nú verið breytt á miðbæjarsvæði Selfoss til lækkunar og tekin hefur verið ákvörðun um að halda ekki áfram með innheimtu á viðbótarlagi á útsvar á núlíðandi ári, enda er tæplega lagaheimild fyrir því. Það má spyrja sig hvort slíkar íþyngjandi álögur fyrir íbúa hafi verið nauðsynlegar í ljósi stöðunnar nú eða hvað heldur þú, lesandi góður?

Reksturinn stökkbreytist

	2024	2023	2022	2021	2020
Rekstrarreikningur					
Rekstrartekjur	23,080	17,952	15,286	12,641	11,090
Rekstragjöld	17,100	15,967	15,054	12,582	10,181
Afkoma fyrir afskriftir	5,980	1,984	232	608	909
Fjármagnsgjöld	-1,735	-2,304	-2,265	-1,206	-907
Rekstramiðurstaða	3,243	-1,269	-2,822	-1,790	-578
Efnahagsreikningur					
Fastafjármunir	32,150	29,828	27,805	22,642	19,325
Veltufjármunir	5,453	3,545	2,937	2,598	1,861
Eignir Alls	37,603	33,372	30,742	25,240	21,185
Eigið fé	5,960	1,965	2,472	3,087	2,477
Langtímaskuldir	21,510	22,767	19,677	14,439	11,006
Skammtímaskuldir	6,346	4,957	5,352	3,857	2,796
Skuldir, skuldbindingar og eigið fé alls	37,603	33,372	30,742	25,240	21,185
Talnaefni					
Skuldaviðmið skv. Reglugerð	107.60%	147.40%	156.60%	138.50%	120.10%
Fjöldi íbúa skv. Hagstofu í lok 4. Ársfj.	12,060	11,570	11,050	10,660	10,290
Hlutfallsleg aukning á ári	4.2%	4.7%	3.7%	3.6%	3.9%
Fjölgun íbúa	490	520	390	370	390
Heildarfjölgun frá Q4 2019 - Q4 2024	2,160				

Anna Guðrún Evrópumeistari í ólympískum lyftingum

Evrópumót í ólympískum lyftingum var haldið í Durres í Albaníu sl. helgi. Rúmlega 900 þátttakendur frá 34 löndum voru skráðir til þátttöku. Anna Guðrún Halldórsdóttir frá Hveragerði var ríkjandi Evrópumeistari fyrir mótið og átti þrjú Íslands-, Evrópu- og heimsmet í ólympískum lyftingum í flokki 55-59 ára kvenna. Hún var með góða endurkomu í ár og kom heim með þrjú ný Íslands-, Evrópu- og heimsmet.

Anna Guðrún tók sex lyftur á mótinu og voru þær allar gildar.

Í snörum (snatch) opnaði hún með 57 kg, tók svo 60 kg og að lokum 62 kg sem var jafnframt eins kílóa bæting á hennar eldra meti (61 kg).

Í jafnhöttun (clean & jerk) lyfti hún 77 kg, næst 79 sem var jöfnun á heimsmeti og endaði að lokum með 80 kg á lofti, lyfta gild!

Anna Guðrún endaði því með þrjú Íslands-, Evrópu- og heimsmet, 62 kg í snörum, 80 kg í jafnhöttun og 142 í samanlögðu en eldra met var 140 kg.

Eftir að Anna Guðrún tók þátt í Miðjarðarhafsmóti í Durres í Albaníu í apríl 2024 ákvað hún að hún myndi mæta aftur þangað að ári til að taka þátt í Evrópumótinu sem Albanírnir höfðu fengið samþykkt að halda árið 2025. Evrópumótið 2024 í Noregi gekk vel, sem og heimsmeistaramót í Finnlandi en á báðum þessum mótum tók hún gull í sínum flokkum og setti Evrópu- og heimsmet, sem jafnframt voru Íslandsmet.

„Undirbúningur hófst í raun fljótlega eftir síðasta heimsmeistaramót undir styrki stjórn Maríu Rúnar, þjálfara



hennar. Hefur allur undirbúningur miðað að því að undirbúa hana fyrir bætingu á þessu móti, sem gekk vonum framar. Hún var vel stemmd í aðdraganda mótsins, passaði mataræði vel og toppaði á réttum tíma. Stress gerði vart við sig við og við síðustu dagana en hún er snillingur í að nýta stressið sér í hag,“ segir Gunnar Biering, fjölmiðlafulltrúi Önnu Guðrúnar.

„Hér, eins og á síðustu þremur erlendu mótum, hefur hún eignast marga vini, fullt af kunningjum en líklega þótti henni vænst um þegar 45 ára hollensk kona óskaði eftir að fá að æfa með henni, rétt fyrir keppnisdag Önnu Guðrúnar. Sú hollenska taldi sig vera hrausta, var klárlega hávaxin og mossað. Anna Guðrún mátti ráða þyngdum, hin taldi sig geta hitað upp með sömu þyngdum og Anna Guðrún. Þegar leið á og Anna Guðrún fór að nálgast sitt besta varð sú hollenska að jata sig sigraða, hún gat ekki meir, og sagði: Eftir 10 ár ætla ég að verða eins sterk og þú ert!“ bætir Gunnar við og segir að Anna Guðrún sé ofsalega þakklát öllum sem hafa stutt hana.

Næst á dagskrá er heimsmeistaramót sem fram fer í Las Vegas í byrjun september nk. Markmið hennar er að setja þar þrjú met til viðbótar, að minnsta kosti.



Áratuga reynsla og sérþekking á fráveitumálum.
Við þjónustum einstaklinga, fyrirtæki, húsfélög og sveitarfélög.

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildrun
- Sandgildrun
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsahreinsun



510-1180 / 669-8441 stiflulosun.is



Guðmundur ráðinn skólastjóri Þjósárskóla

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 25. apríl sl. var samþykkt að ráða Guðmund Finnogason í starf skólastjóra Þjósárskóla.

Alls sóttu sex einstaklingar um starfið en þrír drógu umsóknir sínar til baka.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur greinir frá þessu á heimasíðu sinni.

Auglýst var eftir metnaðarfullum og framsýnum leiðtoga með áhuga á uppbyggingu skólastarfs til framtíðar sem jafnframt er með réttindi til kennslu og reynslu af stjórnun.

Bolette H. Koch lætur af störfum sem skólastjóri eftir að

hafa gegnt starfinu síðan 2011. Guðmundur kemur inn í hennar stað.

Guðmundur er með B.Ed-próf í grunnskólakennarafræðum, viðbótardiplómu í menntastjórnun og matsfræði og er að ljúka MBA-námi frá UHI í Skotlandi. Hann starfaði sem aðstoðarskólastjóri í Bláskógaskóla á Laugarvatni árin 2017-2022 og var framkvæmdastjóri Útlífsmiðstöðvar skáta á Úlf-ljótsvatni 2014-2017. Síðustu þrjú ár hefur Guðmundur starfað sem verkefnastjóri hjá Landsvirkjun.

Hann mun hefja störf í ágúst næstkomandi.



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Stíflupjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

LÖGGILTUR
HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI
VIÐHALD
BREYTINGAR

S: 692-2575

800 SMÍÐI ehf.

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM

FÁÐU TILBOÐ
Í PINN PALL

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

WWW.SOLPALLUR.IS

SÓLPALLUR
Fagmennska • Gæði • Áreiðanleiki

ÖKUKENNSLA
Á SUÐURLANDI

897-4693
Arnifj@gmail.com

UTIADAKA.IS
"Með þér alla leið"

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRAMA AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

ÁRBORG
TAXI

taxiarborg@gmail.com

+354 482 1333
+354 696 3800

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyrn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur
ÁBURÐUR

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.tris.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðuskípti

Bilverk BA

Far sem
fagmennirnir vinna

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is